

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, í tilefni af
40 ára afmæli félagsráðgjafar við Háskóla Íslands. Flutt í Veröld –
húsi Vigdísar miðvikudaginn 30. nóvember 2022 kl. 16**

Kæra samstarfsfólk, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér í upphafi þessarar hátíðarsamkomu sem haldin er í tilefni af því að 40 ár eru liðin frá því að fyrstu kandiðatarnir brautskráðust úr starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Þetta er sannarlega merkur áfangi, ekki aðeins fyrir félagsráðgjöfina og ekki aðeins fyrir félags- og heilbrigðisvísindin heldur fyrir Háskólann allan. Til hamingju!

Þegar horft er yfir 40 ára sögu félagsráðgjafar við Háskóla Íslands er óhætt að segja að mjór er mikils vísir. Fyrstu árin var greinin kennd sem aukagrein, en um aldamótin varð félagsráðgjöf aðalgrein og enn var mikilvægum áfanga náð árið 2008 þegar námið var fært til samræmis við Bologna-viðmiðin sem fimm ára nám, þriggja ára bakkalárnám og tveggja ára meistaranám til starfsréttinda.

Það er ekki hægt að fagna stórafmæli félagsráðgjafar án þess að minnst frumhverjanna, því það er ekki síst þeim að þakka hversu vel hefur tekist til við þróun greinarinnar. Að öðrum ólöstuðum ber í því sambandi sérstaklega að geta Sigrúnar Júlíusdóttur, prófessors emerita, Guðrúnar Jónsdóttur sem var fyrsti kennslustjóri námsins og Guðný Björk Eydal prófessor. Sigrún var ráðin fyrsti lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 1991, en hún hafði þá um árabil

starfað sem stundakennari. Sigrún hafði alla tíð mikinn akademískan metnað fyrir hönd greinarinnar og lagði ríka áherslu á að byggja hana upp á traustum rannsóknum og gagnreyndri fræðilegri þekkingu. Um leið beitti hún sér fyrir því að þróa námið á þeim grundvelli að tengja saman saman vísindi og vettvang, eða fræði og fag eins og það er stundum einnig orðað. Félagsráðgjöf er enda í eðli sínu þverfræðileg grein og hefur alla tíð verið í miklum tengslum við margvíslegan vettvang og samstarfsaðila á borð við Landspítalann, félagsþjónustu sveitarfélaganna og fjölda annarra stofnana sem með einum eða öðrum hætti tengjast greininni.

Annar mikilvægur áfangi í þróun félagsráðgjafar við Háskóla Íslands náðist árið 2008 þegar Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinuðust og hinum sameinaða háskóla var skipað í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í nokkrar deildir. Ein hinna nýju deilda var Félagsráðgjafardeild og má segja að með þessu hafi greinin öðlast þann sess sem henni ber. Fyrsti deildarforseti hinnar nýju deildar var Guðný Björk Eydal prófessor. Á undanförunum árum hefur nemendum og kennurum smám saman fjölgað og stunda nú um 650 nemendur nám við deildina og hefja vel á annað hundrað nýnemar nám að hausti. Kennarar Félagsráðgjafardeildar stunda öflugt rannsóknastarf og hafa nokkrir doktorar brautskráðst frá deildinni.

Af nánum tengslum félagsráðgjafar við vettvang leiðir að greinin tekur sífelldum breytingum í takt við þróun samfélagsins. Þessu fylgja margvíslegar áskorarnir, s.s. að erfiðlega hefur gengið að mæta

aukinni eftirspurn eftir félagsráðgjöfum, ekki síst á landsbyggðinni. Horfa þarf til ýmissa átta í þessu sambandi og eru m.a. bundnar vonir við fjarnám sem er í mikilli þróun. Önnur áskorun er breytt aldurssamsetning þjóðarinnar sem fylgja margvísleg verkefni sem tengjast m.a. öldrunarfræði. Ég er sannfærður um að félagsráðgjöf mun vaxa með hverri slíkri áskorun eins og hún hefur gert frá fyrstu tíð. Meðal nýrra vaxtarsprota má nefna diplómanám í farsæld, sem tengist m.a. nýlegri lagasetningu um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Einnig er vert að geta um skipulega ráðgjöf félagsráðgjafarnema fyrir nemendur í öðrum deildum Háskólans sem sannarlega hefur slegið í gegn.

Góðir gestir. Þetta stutta yfirlit yfir 40 ára sögu félagsráðgjafar við Háskóla Íslands sýnir að við getum sannarlega verið stolt af þeim árangri sem hefur verið náð. Ég vil ljúka máli mínu á færa öllum sem tekið hafa þátt í þessari vegferð miklar þakkir og ég er sannfærður um að sigrunum á aðeins eftir að fjölga á komandi árum.

Til hamingju með daginn.

Takk fyrir.